

23. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 8. janúar 2020 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Nanna Jónsdóttir sem varamaður Egils Sigurðssonar, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Fulltrúar E-listans (EG og NJ) gera athugasemd við að breyttur fundartími hafi ekki verið tekinn fyrir á síðasta fundi hreppsnefndar, íbúum og fulltrúum E-listans til upplýsinga. Fulltrúar E-listans (EG og NJ) benda jafnframt á að skv. samþykktum um stjórn og fundarsköp Ásahrepps, 8. gr. „Fundir hreppsnefndar“ skal hreppsnefnd taka ákvörðun í upphafi hvers ár um fundaráætlun vegna reglulegra funda fyrir næstu 12 mánuði. Fulltrúar E-listans leita afbrigða og leggja til að bætt verði inn á dagskrá fundarins fundaráætlun fyrir árið 2020. Breyting dagsrár fundar samþykkt samhljóða og inn kemur nýr dagskrárliður nr. 7.

1. Fundargerðir til kynningar:

- 1.1. 22. fundur stjórnar Odda bs.
- 1.2. 208. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- 1.3. 72. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 1.4. 1. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 13. desember 2019.
- 1.5. 201. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 1.6. 551. fundur stjórnar SASS.
- 1.7. 877. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2019, 3. janúar 2020.

Lagt fram rekstraryfirlit yri sveitarsjóð Ásahrepps 2019, frá 3. janúar 2020.

3. Drög að jafnréttisáætlun Ásahrepps, 2020-2024.

Lögð fram drög að jafnréttisáætlun Ásahrepps, 2020-2024. Umræða varð um fyrirliggjandi drög. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að þessi drög að jafnréttisáætlun verði send Jafnréttisstofu til umsagnar. Þegar afstaða Jafnréttisstofu liggur fyrir verður áætlunin aftur lögð fyrir hreppsnefnd til lokaafgreiðslu og samþykktar.

4. Hugmyndir ríkisins um stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt, þann 18. og 19. desember s.l. drög að tveimur stjórnarfrumvörpum. Annars vegar frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða og hins vegar frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð.

Hreppsnefnd Ásahrepps leggst gegn báðum þessum frumvörpum og bendir á að undirbúningur og forsendur lagasetninga sem þessara er engan veginn tímabær. Á fyrri stigum hefur hreppsnefnd Ásahrepps bókað og sent inn umsagnir og er vísað til þeirra.

Sérstaklega vill hreppsnefnd Ásahrepps mótmæla fyrirhuguðum heimildum um kaup og eignarnám sem fram kemur í 9. grein draga að frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun. Þessari grein og hugmyndafræðin sem liggur að baki er óásættanleg. Í þessari grein

kemur fram heimild til þjóðgarðastofnunar, að fengnu leyfi ráðherra, að taka eignarnámi lönd mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðun. Það er þó tilvísun í 8. gr. Jarðalaga 81/2004 sem segir að óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörð. Þó kemur fram í lagagreininni að það sé heimilt ef gerðar séu undantekningar frá þeirri reglu með lögum. Hér er verið að veita einstakri stofnun heimild, t.d. að kaupa nytjarétt sem hefur m.a. verið lögvarinn með úrskurði Óbyggðanefndar þegar um er að ræða afrétti á þjóðlendum. Það er alveg ljóst, með úrskurði Óbyggðanefndar, að hinum óbeina eignarrétti nytjaréttihafa á afréttum verður ekki hnikað, nema með eignarnámi. Hér liggur það fyrir, svart á hvítu, að það er hluti af hugmyndafræðinni sem liggur að baki þessum drögum að frumvarpi. Þessum hugmyndum er mótmælt harðlega og þess krafist að verði brott felld úr þessum drögum að frumvarpi. Ásættanlegt gæti talist að þjóðgarðastofnun mætti kaupa upp slíkar eignir ef handhafi þeirra eigna vildi selja, en færa slíkt vald til stjórnenda einnar stofnunar, með samþykki ráðherra, er algerlega ótækt.

Hreppsnefnd Ásahrepps vill benda á að ekki er samræmi milli þessara tveggja frumvarpa er lýtur að fjölda fulltrúa í umdæmisráðum. Hreppsnefnd mótmælir þeirri tillögu sem kemur fram í drögum að frumvarpi um þjóðgarðastofnun að fjöldi fulltrúa skuli vera 10. Óheppilegt er að hafa fjölda fulltrúa 10, þar sem afgreiðsla geti þá fallið á jöfnu. Tillaga sem fram kemur í drögum að frumvarpi til laga um hálendisþjóðgarð hentar betur til að tryggja skýra afgreiðslu mála og einnig að tryggja stöðu heimaðila og sveitarfélaga í umdæmisráðum.

Mörgum spurningum er enn ósvarað og forvinna og gagnasöfnun, sem er grunnforsenda fyrir stofnun hálendisþjóðgarðs og þjóðgarðastofnunar, hefur langt í frá verið lokið. Með slíku frumhlaupi, að fara fram með þessi frumvörp svo illa undirbúin mun tryggja átök og afar skiptar skoðanir um réttmæti þessarar vegferðar. Samráð og samtal við sveitarstjórnir um þann grundvallarþátt málsins, þ.e.a.s. hvort stofna skuli þjóðgarð á miðhálandi Íslands, hefur í raun ekki átt sér stað.

Með því að stofna þjóðgarð á miðhálandi Íslands hefur það í för með sér að skipulagsvald sveitarfélaga verður skert til mikilla muna. Sú lagaumgjörð sem verið er að setja með þessum frumvörpum er þess eðlis að verulegur hluti skipulagsvalds sveitarfélaga er færður frá sveitarstjórnnum til ríkisstofnunar. Með þessum frumvörpum er verið að færa stjórn og umráð yfir 40% Íslands til örfárra aðila innan ríkisstofnunar. Þetta er nokkuð sem hreppsnefnd Ásahrepps getur engan veginn sætt sig við. Það er orðið æði þreytandi að horfa uppá þá staðreynd að til nokkurra áratuga hefur verið vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélaga með einum eða öðrum hætti s.s. með breytingum á skipulagslögum, landsskipulagsstefnu og núna með þjóðgarðastofnun og hálendisþjóðgarði. Eflaust eru handhafar þessarar vegferðar með þá vissu í sínum huga að dropinn muni á endanum hola steininn. Þessum vinnubrögðum og hugmyndum mótmælir hreppsnefnd Ásahrepps harðlega.

Það er öllum ljóst sem vilja skoða málið í raun, að það fyrir liggur reynsla um rekstur þjóðagarða á Íslandi. Þar má sjá að víða er pottur brotinn t.d. í útfærslu á stefnumótun, uppbyggingu innviða, viðhaldi vega, öryggismál ferðamanna, fráveitumálum m.m. Í dag eru mörg stór verkefni í núverandi þjóðgörðum sem kalla eftir miklum fjármunum, en bíða og hafa þurft að bíða vegna skorts á fjármagni. Í því ljósi hvernig staða núverandi þjóðgarða er, þá getur hreppsnefnd Ásahrepps ekki séð hvernig ríkinu á að takast að fjármagna öll þau verkefni sem hálendisþjóðgarður kallar á. Öll forvinna að því hvernig á að standa að uppbyggingu innviða og fjármögnun þeirra verkefna liggur ekki fyrir og hefur ekki verið unnin. Sú vinna og útfærsla er ein af frumforsendum þess

að velta fyrir sér hugmyndinni um stofnun hálandisþjóðgarðs. Hugmyndin er einfaldlega ekki kominn á þann stað ennþá. Því er það álit hreppsnefndar Ásahrepps að þessi frumvörp eru engan vegin tímabær og mótmælir þessari vegferð ríkisstjórnarinnar harðlega.

Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til ríkisstjórnarinnar að byrja á því að tryggja þjóðgörðum og öðrum friðuðum svæðum sem eru til staðar í landinu rekstrargrundvöll áður en lagt er í þá vegferð að reyna stofna þjóðgarð um 40% Íslands.

5. Innsend bréf og erindi:

- 5.1. Bréf HSK, dags. 18. desember 2019; ósk um fjárstuðning á árinu 2020.
Lagt fram bréf HSK þar sem óskað er eftir framlagi til reksturs sambandsins. Óskað er eftir framlagi sem nemur kr. 280 á hvern íbúa hreppsins. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk, enda gert ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.
- 5.2. Bréf Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 19. desember 2019; tvöföld skólavist.
Lagt fram bréf forstöðumanns Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þar sem óskað er eftir afstöðu hreppsnefndar til hugmynda um tvöfalda skólavist. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist barns í leik- eða grunnskóla, dags. 1. október 2019. Hreppsnefnd Ásahrepps er sammála þeirri afstöðu sem kemur fram í niðurstöðu álits Sambands íslenskra sveitarfélaga og telur að hafna eigi slíkum beiðnum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að sveitarstjóri verði tilnefndur sem tengiliður Ásahrepps við forstöðumann skólaþjónustu.

6. Bréf og erindi til kynningar:

- 6.1. Tölvuskeyti Rangárþings eystra, dags. 13. desember 2019; gámavöllur á Hvolsvelli.
- 6.2. Tölvuskeyti Samgöngustofu, dags. 16. desember 2019; breytingar vegna nýrra umferðarlaga.
- 6.3. Tölvuskeyti Skipulagsstofnunar, dags. 18. desember 2019; samantekt um skipulag vindorkunýtingar.
- 6.4. Bréf Forsætisráðuneytis dags. 10. desember 2019; stofnun þjóðlendunnar Landmannaafreittur í Ásahreppi.
- 6.5. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 17. desember 2019; afrit af bréfi vegna lýsingar fyrir gerð deiliskipulags Sultartangastöðvar.


7. Fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps árið 2020.


Öllu jöfnu verður fundur hreppsnefndar haldinn þriðja miðvikudag hvers mánaðar nema nú í janúar er fundur haldinn 8. janúar og í júní verður fundur haldinn þriðjudaginn 16. júní. Gert er ráð fyrir að hreppsnefnd verði í sumarfríi í júlímánuði og þá verði ekki haldinn hreppsnefndarfundur. Samþykkt samhljóða.





Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Nanna Jónsdóttir


Valtýr Valtýsson